

212. gr.

Úrræði gagnvart brotum byggingarstjóra og iðnmeistara.

- 212.1 Ef byggingarstjóri eða iðnmeistari, sem ábyrgð ber á byggingarframkvæmdum, brýtur ákvæði laga, reglugerða eða samþykktu um skipulags- og byggingarmálefni getur byggingarnefnd veitt honum áminningu. Séu brot alvarleg eða ítrekuð getur nefndin óskað eftir því við ráðherra að hann verði sviptur viðurkenningu.
- 212.2 Brjótí byggingarstjóri alvarlega eða ítrekað af sér á þann hátt, sem segir í mgr. 212.1, getur byggingarfulltrúi tekið hann úr þeim verkum, sem hann stýrir í umdæmi hans. Skal byggingarfulltrúi tilkynna eiganda byggingarréttarins um slíka ráðstöfun. Nýr byggingarstjóri skal kom að þeim verkum samkvæmt gr. 36.
- 212.3 Ráðherra getur veitt iðnmeistara áminningu og við ítrekað brot svipt hann viðurkenningu sinni um tiltekinn tíma eða fyrir fullt og allt. Áður en ráðherra tekur ákvörðun um sviptingu viðurkenningar skal hann leita umsagnar byggingarnefndar viðkomandi sveitarfélags og Samtaka iðnaðarins og gefa byggingarstjóra eða iðnmeistara kost á að tjá sig um málið.

213. gr.

Viðurlög.

- 213.1 Brot gegn reglugerð þessari varða sektum eða varðhaldi nema þyngri refsing liggir við samkvæmt lögum. Um meðferð þeirra fer að hætti opinberra mála.

214. gr.

Gildistaka.

- 214.1 Reglugerð þessi, sem er sett samkvæmt 37. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73 frá 28. maí 1997 og 30. gr. laga um brunavarnir og brunamál nr. 41 frá 27. maí 1992, öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi byggingarreglugerð nr. 177/1992 með síðari breytingum, reglugerð nr. 269/1978 um brunavarnir og brunamál með síðari breytingum og ákvæði annarra reglugerða og samþykktu er brjóta í bága við reglugerð þessa, annarra en reglugerðar um reynslusveitarfélög.

Umhverfissráðuneytinu, 9. júlí 1998.

Guðmundur Bjarnason.

Ingimar Sigurðsson.

AUGLÝSING

um deiliskipulag athafnalóða við Meltún, Mosfellsbæ.

Bæjarstjórn Mosfellsbæjar samþykkti deiliskipulag athafnalóða við Meltún, Mosfellsbæ á fundi sínum þann 24. júní 1998. Á svæðinu er gert ráð fyrir tíu lóðum undir stakar byggingar af ýmsum stærðum á svæði sem samkvæmt aðalskipulagi er skilgreint sem iðnaðarsvæði. Skipulagstillagan var auglýst í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga. Skipulagsstofnun gerir ekki athugasemdir við skipulagið.

Skipulagið öðlast gildi með birtingu þessarar auglýsingar.

Mosfellsbæ, 20. júlí 1998.

Tryggvi Jónsson bæjarverkfræðingur.